



Úrræðalisti Skarðshlíðarleikskóla

1.þrep almenn grunnþjónusta	2.þrep snemmtæk úrræði	3.þrep einstaklingsmiðuð úrræði
Skimanir og skráningar	Skimanir og skráningar	Skimanir og skráningar
Orðaskil (2ja ára og 3ja ára) Tras (2 - 4,9 ára) Hljóm - 2 (elstu börnin) Tengslahringur Hæfniramar f/fjöltyngi Félgasfærnisgátlistar	AHA-skráningar Smábarnalistinn Íslenski þroskalistinn Gerd Strand	Einstaklingsnámskrá AEPS
Úrræði	Úrræði og eyðublöð	Úrræði og eyðublöð
Uppeldi til ábyrgðar Þarfavinna Sáttmálagerð Að fylla fötur Sjónrænt dagskipulag Myndræn stýring Boðskiptakypur Málörvun í öllum aðstæðum Daglegur lestur Flæðislestur Orðaforðavinna Lubbi finnur málbeinin Blær - Vináttuverkefni Barnaheilla Gefðu 10 Foreldrasamtöl 2x á ári	Okkar leiðir - leiðarvísir Félagsfærnisögur Gefðu 10 Ráðgjöf fyrir deildina Ráðgjöf fyrir foreldra AHA-skráningar Minni málörvunarhópar Leikþjálfun Myndræn stýring Boðskiptakippur Íslenskukennsla Rauða blaðið	Peck's Atferlisþjálfun Teach Einstaklings stuðningur Farsældarteymi Græna blaðið Bláa blaðið Beiðni um samþættingu

➔ Máli vísað í lausnarleit samráðsteymis

➔ Máli vísað í lausnarleit farsældarteymis



Leikskóli – þrepaskipting vinnu á stigi 1

Unnið samkvæmt lögum nr. 86/2021 um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og þrepaskiptan stuðning samkvæmt menntastefnu stjórnvalda til 2030. Úrræðalistanum er skipt upp í samræmi við fimm grunnstoðir farsældar barna.

1. þrep – almenn úrræði

Á fyrsta þrepi er unnið með grunnþjónustu leikskólans sem hefur það að megin markmiði að mæta þörfum margbreytilegs barnahóps. Í því getur t.d. falist að umhverfi leikskólans sé aðlagð að þörfum barna s.s. sett upp sjónrænt skipulag, dagskipulagið geri ráð fyrir daglegri málörvun, eflingu á sjálfshjálpi og félagsfærni og að efniviður til leiks sé fjölbreyttur og aðgengilegur fyrir alla. Athuganir/skimanir eru gerðar á öllum börnum í leikskólum Hafnarfjarðar í fyrsta þrepi s.s. Orðaskil, Hljóm-2 og TRAS.

2. þrep – snemmtæk úrræði

Á öðru þrepi er aukin kortlagning á stöðu barns og frekari skimanir. Forvarnir eða snemmtækur stuðningur er aukinn sem er ætlaður börnum í áhættuhópi. Þar er inngripum beitt meðal smærri hópa nemenda til viðbótar við grunnþjónustu á fyrsta þrepi s.s. minni málörvunarhópar, fámennari samverur, flæðilestur og fleira. Alltaf er gætt að því að samtal við foreldra eigi sér stað ef það eru einhverjar áhyggjur af þroska, hegðun, líðan og/eða getu barns. Á þessu þrepi er hægt að óska eftir ráðgjöf fyrir deild, starfsmannahóp og/eða foreldra.

3. þrep – einstaklingsmiðuð úrræði

Á þriðja þrepi getur máli barns verið vísað í farsældarteymi leikskólans. Í því sitja sérkennslustjóri og tengiliður leikskólans auk tveggja sérfræðinga af Mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar. Haldnir eru reglulegir fundir þar sem hægt er að fá ráðgjöf um ýmis mál sem snerta barn og/eða samþykkt að sótt sé um mat talmeinafræðings og/eða sálfræðings, námskeið fyrir foreldra og fleira. Farsældarteymið gæti einnig vísað máli aftur á þrep 1 eða 2 með tillögur að breytingu á íhlutun. Mál barns er aldrei tekið upp í farsældarteymi án samþykkis foreldris/foreldra/forráðamanna.



Málproski

Verkferlar ef áhyggjur eru af barni:

Áhyggjur af:

- Framburði
- Orðaforða
- Setningamyndun
- Hlustun
- Heyrnænni úrvinnslu
- Hljóðkerfisvitund

Deildarstjóri og kennarar deildarinnar byrja á því að skoða og/eða nota eftirfarandi:

- Uppeldi til ábyrgðar – okkar leiðir
- Afla bakgrunnsupplýsinga
- Sjónrænt skipulag (inni á deild, í fataklefa o.s.fv.)
- Boðskiptakippur
- Boðskiptareglur – Bína
- Gefðu 10
- Tákn með tali
- Orðaforðaspjöldin, Menntamálastofnun
- Marviss málörvun í litlum hópum
- Málörvun inni á deild, t.d. í frjálsum leik og samverum. Nota allar daglegar aðstæður til að skapa þörf fyrir boðskipti og tjáningu, leggja orð á allar athafnir. Vera í augnhæð við barnið, veita því athygli og taka undir þegar það tjáir sig. Nýta kennsluefni sem leikskólinn býr yfir, t.d. spil, bækur og spjaldtölvur

Athuganir og skráningar sem hægt er að leggja fyrir og/eða eru lagðar fyrir:

- Orðaskil (foreldrar)
- Tras
- Íslenski þroskalistinn/Smábarnalistinn (foreldrar)
- Hæfniramma fyrir fjöltyngda nemendur
- Hljóm-2
- EFI-2
- Gerd Strand



Félagsþroski og hegðun

Verkferlar ef áhyggjur eru af barni:

Áhyggjur af:

- Hegðunarvandi
 - Missir stjórn á hegðun/tilfinningum
 - Mótþrói
 - Meiðir aðra
 - Truflar
 - Fer ekki eftir fyrirmælum
 - Erfiðleikar með að sitja kyrr
- Sýnir vanlíðan
 - Depurð
 - Kvíði
 - Óöryggi
- Slök samskiptafærni
 - Dregur sig úr hópnum
 - Lítið frumkvæði af samskiptum
 - Óæskileg samskipti

Deildarstjóri og starfsmenn/kennarar deildarinnar byrja á því að skoða og/eða nota eftirfarandi:

- Okkar leiðir – Uppeldi til ábyrgðar
- Afla bakgrunnsupplýsinga
- Sjónrænt skipulag
- Boðskiptakippur
- Boðskiptareglur – Bína
- Tímavaka
- Félagsfærnisögur
- Félagsfærnisþil eins og t.d. Hetjuspilið og önnur samvinnuspil
- Vinna með tilfinningar – Blær
- Þjóða upp á sessur og fiktdót í samverum og aðstæðum sem reynir á að halda athygli.
- Vera í nálægð við kennara eða sitja í fangi.
- Skoða hvort allir starfsmenn bregðist eins við – samræma viðbrögð
- Staðsetja kennara á þeim svæðum sem reynast erfið/krefjandi
- Fylgja barninu í leik og grípa inn í áður en eitthvað gerist
- Hafa minni hópa, t.d. í samverum



Athuganir og skráningar sem hægt er að leggja fyrir og eru lagðar fyrir:

- Tras
- Íslenski þroskalistinn/Smábarnalistinn (foreldrar)
- AHA skráningar
- Félagsfærnisráning
- Gerd Strand
- Hljóm-2
- Vinnustundaskráningar/Stöðumat



Hreyfingur og sjálfshjálp

Verkferlar ef áhyggjur eru af barni:

Áhyggjur af:

- Fínhyfingum
 - Grip um skriffæri
 - Grip um skæri
 - Grip á smáhlutum
- Grófhreyfingum
 - Hlaupa og klifra
 - Jafnvægi og styrkur
- Sjálfshjálp
 - Klæða sig í og úr fötum
 - Borða með áhöldum
 - Vera sjálfbjarga á salerni

Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar byrja á því að:

- Uppeldi til ábyrgðar – okkar leiðir
- Afla bakgrunnsupplýsinga (sjá eyðublað)
- Hafa í boði verkefni þar sem hægt er að æfa fínhyfingar
- Hvetja til hreyfinga á útisvæði og í hreyfisal skólans. Einnig að nota deildir og fataklefa til hreyfistunda og hreyfileikja
- Aðstoða í fataklefa og hafa sjónrænt skipulag þar
- Hvetja til að nota rétt áhöld við matarborð

Athuganir og skráningar sem hægt er að leggja fyrir og eru lagðar fyrir:

- Íslenski þroskalistinn/Smábarnalistinn (foreldrar)
- Gerd Strand